Rétt ísun – hærra skilaverð!
ísvélar íshúsið
www.ishusid.is • S:566 6000
1983 - 2013 30 ára reynsla

isvelar.is
Fáðu tilboð! Eigum ísvélar á lager

VESTURLAND
25. SEPTEMBER 2014
16. tölublað 3. árgangur
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Gleðin við að efla eigin menntun skín úr andliti þessa unga fólks, enda er mennt máttur.

Þriðjungi fleiri nemendur hefja nám á Bifröst

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Um þriðjungi fleiri nemendur munu hefja nám nú á haustönn í háskóladeildum Háskólans á Bifröst en á sama tíma í fyrra. Þetta er í samræmi við fjölgun umsókna um skólavist s.l. sumar . Mest var fjölgunin í meistaranámi skólans aðallega vegna nýrrar námslínu sem heitir MS í forystu og stjórnun en yfir 80 nemendur byrjuðu í þeirri línu. Þá varð veruleg fjölgun í MA í Menningarstjórnun á milli ára. Í grunnnámi var fjölgun nemenda mest í viðskiptafræðinámi skólans og fer ný námsbraut, BS í matvælarekstrarfræði, vel af stað.

Alls munu 618 nemendur hefja nám í Háskólanum á Bifröst núna á haustönn, 481 á háskólastigi og 137 í Háskólagátt sem er aðfararnám að háskólanámi. Í heild eru nú um 100 fleiri nemendur sem hefja nám í Háskólanum á Bifröst miðað við síðasta skólaár.

Íslensk framleiðsla
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS
ChitoClear™
Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr
- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sárinu
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun

Núna einnig fáanlegt í geltúpum
ChitoClear Fæst hjá Dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um allt land
Útsöluaðilar: Akureyrarapótek, Fákasport, Kiddý Egilsstaðir, Hestar og Menn, Líflandi, KS Sauðárkróki, Siglujarðarapótek, Top Reiter og Dýralæknar um allt land
www.primex.is
primex
Primex ehf. Óskarsgata 7, 580 Siglufjörður
Sími.: 460 6900 Fax: 460 6909 • info@primex.is • www.primex.is

Fánar og veifur í úrvali
fanar@fanar.is
s. 577 2020
FÁNASMIÐJAN
Er með mesta úrval fána á landinu, ef hann er ekki til ! búum við hann til.
www.fanar.is

Er húsfélagið í lausu lofti ?
Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?
» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum - við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.
Eignaumsjón hf. – Suðurlandsbraut 30 – Sími 585 4800 – afgreidsla@eignaumsjon.is – www.eignaumsjon.is
EIGNAumsjón

Guðrún Sesselja Arnardóttir.

Hrafn Ásgeirsson.

Fengu fasta stöðu aðjúnkta á lögfræðisviði Bifrastar

Tveir kennarar hafa verið fengið fasta stöðu aðjúnkts á lögfræðisviði Háskólans á Bifröst, þau dr Hrafn Ásgeirsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir, hrl. Hrafn Ásgeirsson er doktor í réttarheimspeki frá University of Southern California og mun hann sinna kennslu á sviði réttarheimspeki. Auk þess að kenna við lagasvið Háskólans á Bifröst er Hrafn nýdoktor við Heimspekistofnun Háskóla Íslands, en þar sinnir hann rannsóknum með styrk frá RANNÍS. Hann hefur einnig sinnt rannsóknum við Monash University í Melbourne í Ástralíu. Helstu rannsóknarsvið eru réttarheimspeki, málspeki og siðspeki.

Guðrún Sesselja Arnardóttir er Cand. jur. frá Háskóla Íslands árið 1996. Hún var fulltrúi hjá ríkissaksóknara 1997-2002 og hefur starfað sem lögmaður frá 2002. Guðrún Sesselja fékk málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi 2000 og fyrir Hæstarétti 2009 og hefur flutt mikinn fjölda mála á báðum dómstigum. Guðrún Sesselja hefur verið stundakennari við Háskólann á Bifröst í refsirétti og sakamálaréttarfari frá árinu 2010 en fær nú fasta stöðu aðjúnkts frá hausti 2014.

Ljósabúnaði ökutækja áfátt

Þrjátíu ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi en ljósabúnaði ökutækja þeirra var áfátt. Ýmist vantaði ljós að framan eða aftan en ökumönnunum var góðfúslega bent á að skipta um perur, öryggi eða annað það sem bilað var. Sem fyrr hvetur lögreglan ökumenn til að huga sérstaklega að ljósabúnaðinum. Hann þarf alltaf að vera í lagi og ekki síst í skammdeginu. Lögreglan á landsbyggðinni þyrfti einnig að framkvæmda svona skoðunarátak, t.d. á Vesturlandi, en á Vesturlandi er ástand bifreiða síst betra en í öðrum landshlutum. Ritstjóri VESTURLANDS mætti fyrir skömmu bifreið í Hvalfjarðargöngunum. Það er ekki í frásögu færandi nema fyrir það

Myndir þú fara á ljóslausum bíl þarna inn?

að bifreiðin var algjörlega ljóslaus og sinnti bílstjórinn engum aðvörunum þó ljósum væri blikkað. Hvað er að svona ökumönnum?

Eigum til reimar í miklu úrvali í flestar gerðir snjósleða og fjórhjóla.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

Mikið úrval auka og varahluta í flestar gerðir hjóla.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

Dr. Björn Þorsteinsson skipaður rektor LbhÍ

- Háskólinn á Hólum án samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, hefur skipað Dr. Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála tímabundið sem rektor Landbúnaðarháskóla Íslands til 31. desember nk. Þessi skipan kemur í framhaldi af ákvörðun sem tekin var á fundi háskólaráðs LbhÍ en það þeim fundi var eftirfarandi samþykkt gerð: „Skipunartíma núverandi rektors Landbúnaðarháskóla Íslands lýkur 31. júlí nk. Fyrir liggur að hann sækist ekki eftir endurráðningu á nýju skipunartímabili. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, ber háskólaráði við þessar aðstæður að undirbúa tilnefningu nýs rektors. Í ljósi þessa leggur háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands til við mennta- og menningarmálaráðherra að Dr. Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála verði með heimild í 24. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, settur í embætti rektors til 31. desember nk. Háskólaráðið mun þegar hefja undirbúning að tilnefningu nýs rektors Landbúnaðarháskóla Íslands sem ráðherra skipar til fimm ára frá og með 1. janúar 2015. Háskólaráð hefur ákveðið að starfið verði auglýst opinberlega. Háskólaráð hefur skipað sérstaka undirbúningsnefnd sem í sitja Sigríður Hallgrímsdóttir, Bjarni Stefánsson og Hilmar Janusson sem mun undirbúa ráðningarferlið. Stefnt er að því að niðurstaða um ráðningu nýs rektors liggi fyrir í desember."

Björn Þorsteinsson. Með honum á mynd er Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum í Hjaltadal en þau voru stödd í Norræna húsinu fyrir nokkru þar sem Evrópusambandið veitti 337 milljónum til menntamála á Íslandi. Báðir skólarnir fengu þar veglegt framlag.

Fjárhagsvandi Hólaskóla

Hluti skýringarinnar á fjárhagsvanda Hólaskóla er sá að skólinn hefur aldrei haft samning við menntamálaráðuneytið um kennslu á háskólastigi. Þetta segir nýr rektor skólans, Erla Björk Örnólfsdóttir. Erla boðar enga byltingu í rekstri skólans, sem situr uppi með uppsafnaðan rekstrarhalla, en eitt af hennar fyrstu verkum í starfi hefur verið að ýta á eftir samningi við mennta - og menningarmálaráðuneytið um kennslu á háskólastigi. Að hennar sögn er slíkur samningur í undirbúningi.

„Eins og staðan er í dag er Hólaskóli ekki með samning við Menntamálaráðuneytið um kennslu á háskólastigi, allir aðrir háskólar hafa það. Háskólinn á Hólum hefur aldrei haft samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kennslu á háskólastigi. Þannig að Háskólinn á Hólum fær ekki greitt samkvæmt þeim nemendum og nemendaígildum sem hér eru. Háskólinn á Hólum hefur fengið greiddar upphæðir samkvæmt samingum sem eru ekki tengdar því námi sem kennt er. Það er hluti skýringar á því af hverju Háskólinn á Hólum er í fjárhagsörðugleikum af því að reksturinn er kannski ekki í takt við kennsluna," segir Erla Björk Örnólfsdóttir rektor. Samningurinn skipti miklu máli fyrir allan rekstur skólans auk þess sem hann er mikil viðurkenning fyrir skólann. Það yrði mjög stórt skref í viðurkenningu á því góða starfi sem unnið er á Hólum.

Stuttar Vesturlandsfréttir

Skortur á vinnuafli í Stykkishólmi

Á fundi atvinnunefndar Stykkishólms fyrir skömmu ræddi Þorgrímur Kristinsson, formaður nefndarinnar, um það að þegar líður að hausti sé erfitt að fá fólk til vinnu eftir að skólafólk fer aftur til náms. Í Skipavík sé skortur á menntuðum iðnaðarmönnum, skortur á húsnæði fyrir nýtt fólk sem hefur hug á að flytja í bæinn. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri talaði um hugmyndir og byggingu leiguíbúða, að Stykkishólmsbær kæmi að því með að leggja til lóðir og afslátt af gatnagerðargjöldum. Í framhaldinu var nokkuð rætt um lóðaframboð í Stykkishólmi. Svanborg Sigggeirsdóttir spurði hvort hugmyndir væru uppi um að MATÍS setti upp útibú í Stykkishólmi.

Bætt ásýnd í kringum Akratorg

Bæjarráð Akranes samþykkti á fundi sínum þann 28. ágúst sl. að kaupa aðra og þriðju hæð húseignarinnar við Suðurgötu 64 auk lóðar sem er skráð á Suðurgötu 66. Fyrr í vor eignaðist Akraneskaupstaður fyrstu hæð hússins við Suðurgötu 64. Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra þá hefur húsið að Suðurgötu 64 staðið autt um langa hríð enda gerir gildandi skipulag ráð fyrir því að þarna rísi ný bygging sem hafi tengsl við torgið og umhverfið í kring. Regína reiknar með að farið verði fljótlega í niðurrif á húsinu og í framhaldinu verði farið í að gera lóðina snyrtilega til að bæta ásýndina í kringum Akratorgið.

Vökudagar á Akranesi

Hin árlegu menningarverðlaun Akraneskaupstaðar verða afhent á menningarhátíðinni Vökudögum sem haldin verður 30. október til 7. nóvember nk. Búið er að opna fyrir tilnefningar og er hægt að tilnefna til og með 3. október nk. Akraneskaupstaður hvetur bæjarbúa til að nýta sér þetta tækifæri til að hafa áhrif á það hver fái menningarverðlaunin 2014. Mikilvægt er að setja inn rökstuðning með tilefningunni. Það var Guðmundur Sigurðsson sem fékk menningarverðlaunin fyrir árið 2013 en hann er mikill hagleiksmaður og má sjá verk hans víða um bæinn. Guðmundur er formaður samtaka norrænna eldsmiða og stóð fyrir Norðurlandamóti í eldsmíði á safnasvæðinu í fyrra.

Forvarnardagur í Grundarfirði

Á síðasta ári ákvað íþrótta- og æskulýðsnefnd Grundarfjarðarbæjar að halda forvarnardag í Grundarfirði. Dagurinn 9. september varð fyrir valinu og var forvarnardagurinn nú haldinn í annað skiptið. Dagskráin í ár var fjölbreytt en markmiðið er að ná til sem flestra. Dagurinn hófst með því að VÍS gaf nemendum leik- og grunnskóla endurskinsmerki; börnin í leikskólanum fengu heimsókn frá slökkviliði Grundarfjarðar og slökkviliðið heimsótti Grunnskólann, fór í kennskustofur og fór yfir helstu brunavrnir. Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga ræddi Þorlákur Árnason, fyrrverandi þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar við nemendur um það hvernig eigi að finna hæfileikum sínum farveg og markmiðasetningu. Þorlákur ræddi einnig um forvarnir. Í Bæringsstofu var frræðslu og kynningarfundur CoDA en það er félagsskapur karla og kvenna sem tekst á við meðvirkni sem ákveðið rof í andlegri vitund einstaklings.

ÍSLENSKA SIA.IS ODD/70695 09/14

Oddi hefur í liðlega átta áratugi unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa umbúðir, sem svara þörfum kröfuharðra viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum fjölbreyttar umbúðir úr kartoni, pappír og plasti. Umbúðirnar okkar vernda vörur við flutninga og geymslu, ásamt því að miðla mikilvægum upplýsingum til viðskiptavina.

Umbúðirnar tala sínu máli.

Oddi – umhverfisvottað fyrirtæki.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

Umbúðir og prentun

Leiðari

Lífið er saltfiskur eða sigin grásleppa

Fjórðungur gjaldeyristekna þjóðarinnar kemur frá sjávarútvegi. Margir hafa tekjur af störfum við sjávarútveg, ekki síst íbúar á Snæfellsnesi, og þar er hlutfall sjómanna af heildaríbúatölunni býsna hátt enda byggir atvinnulífið á landsbyggðinni á sjósókn og vinnslu sjávarafurða að stórum hluta. Sjávarútvegurinn er í dag á ofboðslega skemmtilegum tímapunkti þar sem þróun í afurðum er að skila okkur gríðarlega auknum tekjum. Þar má m.a. vísa í öra þróun í framleiðslu á lækningavörum og lyfjum úr afurðum á borð við slóg, rækjuskel, þörungum og roði, sem fyrir skömmu þóttu verðlaus úrgangur. Öll takmörkun á fjárfestingagetu sjávarútvegsins hefur áhrif á þetta. Ef við setjum þetta í samhengi og tökum veiðigjöldin eins og þau eru lögð á núna fyrir þetta ár og reiknum það upp og hugsum um sjávarútveginn bara eins og aðrar atvinnugreinar, sem við eigum að gera, þá er venjulegt fyrirtæki að greiða 20% í tekjuskatt. Ef við reiknum tekjuskattinn sem útgerðin greiðir og leggur veiðigjöldin ofan á útgerðarhlutann þá er sjávarútvegurinn að greiða um það bil 60% í tekjuskatt. Þetta hlýtur að hafa áhrif á vaxtarmöguleika sjávarútvegsins. Nauðsynlegt er að þjóðin setji ekki fjárfestingar í sjávarútvegi í þannig skorður að hann geti ekki áfram verið það flaggskip sem hann er í dag í alþjóðlegu samhengi. Sjávarútvegur myndi nú þegar skila samfélaginu miklum tekjum og hann ætti að fá að njóta sannmælis um það og í tengslum við allar aðrar greinar. Umræðan um veiðigjöldin á að snúast um aðferðarfræði, þannig að sjávarútvegurinn fái að dafna og skila þjóðarbúinu sem mestum tekjum. Við búum við ein fengsælustu fiskimið heims og státum okkur af besta fiski í heimi, hvorki meira né minna. Þess vegna eigum við að gefa sjávarútveginum aukin sóknarfæri, ekki skattleggja hann svo að endurnýjun sé illframkvæmanleg. Nú bendir hins vegar til að aukin sóknarfæri séu í spilunum og það má ekki síst merkja á því að nýsmíði fiskiskipa er að aukast, að vísu erlendis en vonandi vakna Íslendingar upp við vondan draum og rifja upp tæknina við að smíða stálskip. Þjóð sem kennir sig við sjómennsku getur ekki verið þekkt fyrir annað, eða hvað?. Í Sölku Völku segir Halldór Kiljan Laxness; „Þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram allt saltfiskur en ekki draumaríngl."

Íslenska sjávarútvwegssýningin 2014 er handan við næsta horn í Kópavogi, sú 11. í röðinni. Ég hef komið á margar þessara sýninga, þó ekki þær fyrstu, og einnig sótt sýninguna í Bruxelles sem er risavaxinn enda sögð sú stærsta og mikilvægasta í heimi. Í öll skiptin hefur það komið mér á óvart hvað tæknin við að fullnýta aflann úr sjó er fullkomin og ég hélt að ekki væri hægt að ná slíkum árangi. En nú er svo komið að nánast ekkert hold verður eftir á beingarðinum þegar fiskinum hefur verið rennt gegnum flökunarvél. Framfarir í kælingu hafa lika tekið stórstígum framförum, enda eru kröfur neytendamarkaðaðarins orðnar slíkar að frábær meðferð aflans þarf að hefjast strax úti á sjó þegar fiskurinn kemur upp rennuna eða yfir borðstokkinn. Þanning margfaldast verðmætaaukningin, öllum til góða og gefur þjóðbúinu aukar tekjur. Það er vel þess virði að eyða dagstund við að skoða Íslensku sjávarútvegssýninguna og ég hvet lesendur til að gera það hvort sem þeir hafa atvinnu af sjávarútvegi eður ei. Þeim tíma er verulega vel varið. Góða skemmtun!

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

VESTURLAND

Auglýsingasíminn er 578 1190

Netfang: auglysingar@fotspor.is

VESTURLAND
16. TBL. 3. ÁRGANGUR 2014

ÚTEFANDI: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Ámundi Ámundason, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 6.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **6.400** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Á AKRANESI, DREIFBÝLI Á AKRANESI OG Í BORGARNESI. BLAÐIÐ LIGGUR EINNIG FRAMMI Á HELSTU PÉTTBÝLISSTÖÐUM Á VESTURLANDI

Tilbrigði við sæinn í Akranesvita

Í Akranesvita niður á Breið hefur oftar enn ekki mátt skoða og heyra alls kyns menningaruppá komur. Í ágúgstmánuði sýndi þar Ragnheiður Guðjónsdóttir myndverk sín, en sýningin nefndist Tilbrigði við sæinn. Rangheiður er fædd á Akranesi en rekur galleríið og vinnustofuna SIFKU á Grandagarði 25 í Reykjavík.

Margir velta kannski fyrir sér heiti sýningarinnar, Tilbrigði við sæinn, en í sýningarskrá sagði m.a.: „Hefur þú velt fyrir þér orðum og orðatiltækjum um fisk? Orð um sæ og sjómennsku? Hvaðan koma öll þessi undarlegu orðatiltæki? Af hverju voru orð og orðatiltæki um fisk færð yfir í líkingamál um hátterfni, útlit og líðan fólks? Er eitthvað líkt með fólki og fiski? Sem dæmi má nefna hvernig vex mönnum fiskur um hrygg og af hverju? Af hverju fór fiskisagan að fljúga? Hvernig varð drengurinn kinnfiskasoginn?"

Mörg myndverkanna voru tilefni hugrenninga um tildrög þeirra. Þetta verk heitir einfaldlega „Flýgur fiskisagan."

Hugrenningar verða myndefni

„Ég hef engin svör við þessu," segir Ragnheiður. „En eins og sjá mátti á sýningunni hafa hugrenningar þessar orðið mér uppspretta að myndefni ásamt öðru sem tengist sænum og má ástæðuna sjálfsagt rekja til uppeldisára minna á Akranesi þar sem allt snérist um sjóinn, sjávarsíðuna og fisk. Eins og sagt er er lífið saltfiskur."

Nú er bara að hvetja Ragnheiði til að setja upp aðra sýningu, á Akranesi eða annars staðar á Vesturlandi.

Nokkur hluti starfsmanna við vélina. F.v.: Þórður Eiríksson, Sigurgeir Gíslason, Magnús Einarsson og Trausti Eiríksson.

Traust Þekking ehf.

Skurðarvél sem sker afurðirnar í fyrirfram ákveðnar stærðir

Traust Þekking ehf. að Lækjarkoti í Borgarfirði hefur hafið framleiðslu á nýrri skurðarvél sem sker afurðina í fyrirfram ákveðnar stærðir eftir eðlisþyngd hráefnisins. Notuð er Lazer þrívíddar tækni til að greina lögun hráefnisins og reiknar vélin síðan skammtastærðir út ,frá skönnun hráefnisins og eðlisþyngd. Skurðarvélin hentar til skurðar á fiski og beinlausum kjötafurðum.

Trausti Eiríksson verkfræðingur og eigandi fyrirtækisins segir hér á ferðinni nýja skurðarvél sem tekur minna pláss en vélar frá öðrum framleiðendum og á mun hagkvæmara verði en áður hefur þekkst. Traust Þekking hef. hefur unnið að hönnun og þróun á skurðarvélinni undanfarin 2 ár og er fyrsta vélin þegar seld til Spánar.

Traust Þekking ehf. tekur þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni sem hefst í dag, fimmtudag, í Kópavogi.

Trausti Eiríksson virðir fyrir sér laxastyrkki sem komu úr skurðarvélinni, öll nákvæmlega jafn þung.

Dale Carnegie námskeiðið kom mér virkilega á óvart. Ég átti von á að öðlast meira öryggi til að tala fyrir framan hóp af fólki og bæta færni mína í mannlegum samskiptum. En námskeiðið gaf mér svo miklu meira. Meðal annars lærði ég aðferðir til að draga úr streitu og bæta minnið. Mikilvægast var þó að ég lærði að vera sanngjarnari við sjálfa mig og kynntist frábæru fólki.

//Kolbrún Björnsdóttir (Kolla), þáttastjórnandi á Stöð 2

Skráðu þig núna

DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ

hefst 1. okt á Akranesi og 9. okt í Borgarnesi

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Þjálfun Dale Carnegie vísar þér leiðina til að njóta þín betur á meðal fólks, hafa góð áhrif á aðra og nýta hæfileika þína til fullnustu, hvort sem það er í starfi eða einkalífi. Á hverjum degi heyrir þú af fólki sem skarar fram úr í athafnalífinu, stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum og á sviði menningar og lista. Þetta fólk er í hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem hafa sótt þjálfun Dale Carnegie.

// Ókeypis kynningartími

Akranes: *24.september kl. 20-21*
Kirkjubraut 11

Borgarnes: *25. september kl. 20-21*
Borgarbraut 54

Skráðu þig á dale.is/einstaklingar

// Fyrirkomulag

Akranes: *hefst 1. október*
8 vikna námskeið, þjálfað á miðvikudögum frá kl. 18-22

Borgarnes: *hefst 9. október*
8 vikna námskeið, þjálfað á fimmtudögum frá kl. 18-22

555 7080

HRINGDU NÚNA EÐA SKRÁÐU ÞIG À
www.dale.is

DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

Ármúli 11, 108 Reykjavík - Sími 5557080 - www.dale.is

Nokkur þeirra verka sem voru til sýnis á Hvalfjarðardögum.

Málverkasýning í hlöðunni á Galtalæk

Á Hvalfjarðardögum fyrir nokkru var haldin málverkasýning í hlöðunni á Galtalæk, sem örugglega er með frumlegri sýningarsölum sem sögur fara af. Sýnendur voru voru Guðrún Dadda Ásmundardóttir og Guðbjörg Fjóla Hannesdóttir. Guðrún Dadda segir að þær stöllur hafi kallað sýninguna Galtarlækjalist því þær eru báðar tengdar bænum. Guðrún Dadda gift inn í fjölskylduna og búandi á Galtarlæk en Guðbjörg dótturdóttir ættmóðurinnar sem hún er skírð í höfuðið á.

„Sýningin okkar var yfirlitssýning á verkum okkar síðustu fimm ára," segir Guðrún Dadda. „Báðar byrjuðum við að mála fyrir 5 árum síðan og höfum farið á ýmis námskeið en núna er Guðbjörg nemandi í FB á myndlistarbraut. Sýningin speglar það námsferli sem við höfum farið í gegnum á þessum árum. Sem dæmi var ég í Myndlistarskóla Kópavogs einn vetur þar sem við lærðum Crocic eða málun og teiknun mannslíkamans og nokkrar myndir eru frá þeim tíma. Aðrar myndir endurspegla td. að læra um hlutföll, um notkun lita til að skapa dýpt og eru td. landslags og húsamyndir afrakstur þeirrar vinnu. En svo eru líka myndir sem tengjast engu þema heldur eru bara frjáls sköpun eins og myndin sem ber heitið „Geimstafir" unnið af Guðbjörgu og vinkonu hennar. Það eru útskornir stafir í tréplötum sem þær setja saman í eitt verk og spreyja. Önnur mynd eftir mig heitir „Hreyfingar vatns" en það er abstract mynd byggð á skissum sem ég teiknaði sitjandi út í fjöru að horfa á hvernig vatnið gáraðist á steinunum."

Húsnæði er mannréttindi, ekki forréttindi

Þriðja þing ASÍ-UNG, sem haldið var fyrir skömmu síðan, áréttar ályktun frá fyrra þingi er varðar húsnæði en lítið sem ekkert hefur þokast á þeim vettvangi á síðustu tveimur árum. ASÍ-UNG leggur áherslu á að aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði er mannréttindi ekki forréttindi! Íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum er grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótum og skapað fjölskyldum sínum góð lífsskilyrði.

Vandinn á húsnæðismarkaðum er margþættur. Húsnæðisverð er hátt og greiðslubyrði af húsnæði er þung. Ungt fólk fær ekki greiðslumat í dag og nánast útilokað er fyrir ungt fólk að safna fyrir útborgun í eigið húsnæði. ASÍ-UNG telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðakaupa sé raunhæft og taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að festa kaup á húsnæði.

Takmarkað framboð leiguhúsnæðis

Framboð af leiguhúsnæði er afar takmarkað, húsaleigan há og húsnæðisöryggi ekkert. Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði. Til þess þurfa stjórnvöld að styðja við stofnun leigufélaga sem tryggja öruggt langtíma leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Stuðningur við leigjendur er enn mun minni en við húsnæðiseigendur og hugmyndir um eitt húsnæðisbótakerfi hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd. Núverandi húsaleigubótakerfi styður illa við ungt launafólk sem er með öllu óásættanlegt.

Fundur ASÍ-UNG var vel sóttur og umræðan málefnaleg.

ASÍ-UNG gagnrýnir harðlega skuldalækkunaraðgerðir stjórnvalda en með þeim er verið að ráðstafa miklum fjármunum sem nýtast ungu fólki með takmörkuðum hætti. Meginn þorri ungs fólks fær ekki þá aðstoð sem boðið er upp á. Aðgerðir sem skerða lífeyri munu eingöngu fresta þeim vanda sem við búum við og eru því með öllu óásættanlegar.

Þriðja þing ASÍ-UNG spyr því hvaða aðgerðir munu gagnast okkur í þeim vanda sem við búum við í dag?

Sumarbúðir KFUM í Vatnaskógi eru vinsælar

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists; a Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

Í Vatnaskógi eru reknar sumarbúðir fyrir drengi. Vatnaskógur er í Svínadal í Hvalfjarðarsveit rétt um 80 km frá Reykjavík. Vatnið, skógurinn og fjöllin í kring bjóða upp á ótæmandi möguleika til spennandi útiveru og leikja. Á svæðinu er auk þess stórt íþróttahús, fótbolta- og frjálsíþróttavellir, smíðaverkstæði og bátar. Umhverfis Vatnaskóg eru margir forvitnilegir staðir sem gaman er að skoða. Þar fá strákarnir tækifæri til að prófa nýja hluti og fá útrás fyrir hugmyndaflug og ævintýraþrá. Öll kvöld enda með kvöldvöku þar sem brugðið er á leik og sungið. Auk þess er kafli úr Guðs orði hugleiddur kvölds og morgna. Framkvæmdastjóri er Ársæll Aðalbergsson.

Siglingar vekja alltaf áhuga strákanna.

Sumarbúðir eru fyrir stúlkur í Vindáshlíð í Kjós.

Vatnaskógur.

Kapellan í Vatnaskógi.

Fjölbrautaskóli Norðurlands:

Boðið upp á nám í Fisktækni

Nú í haust fer af stað nám í fisktækni á vegum Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Farskólans og FISK Seafood ehf. í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands. Kennt verður eftir kl.16.00 á daginn og um helgar þannig að hægt er að stunda námið með vinnu.

Námið er 4 annir og lýkur með framhaldsskólaprófi og starfsheitinu Fisktæknir.

Nú þegar hafa 20 starfsmenn FISK skráð sig í námið en af þeim fóru 16 í gegnum raunfærnimat í vor og hafa þegar lokið hluta af náminu. Miðvikudaginn 28 ágúst sl. var haldinn kynningarfundur í Verinu fyrir væntanlega nemendur og komu fulltrúar FNV og Farskólans og kynntu skipulag og framkvæmd námsins

Fylgst með útskýringum.

HÖFUÐVERKUR - TANNVERKUR - TÍÐAVERKUR - MÍGRENI - HITI

NÝTT Hraðvirkt bólgueyðandi verkjalyf

ibuxin rapid
ibuprofen

fæst án lyfseðils í apótekum

LYFIS Traust í lyfjum

ratiopharm

Notkunarsvið: ibuxin rapid inniheldur ibuprofen sem er lyf sem dregur úr verkjum og hita (flokkur: bólgueyðandi gigtarlyf sem ekki er steri). **ibuxin rapid er notað við** vægum til miðlungi miklum verkjum, svo sem höfuðverk, tannverk, tíðaverk, bráðum migreniköfuðverk, hita og verkjum vegna kvefs. **Ekki má nota ibuxin rapid:** Ef þú ert með ofnæmi fyrir ibuprofeni eða einhverju öðru innihaldsefni ibuxin rapid. Ef þú hefur fundið fyrir mæði, astma, nefrennsli, þrota eða ofsakláða eftir notkun acetylsalicylsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja sem ekki eru sterar (NSAID). Ef þú ert með óútskýrða blóðmyndunartruflun. Ef þú ert með eða hefur haft endurtekin sár (ætisár) eða blæðingu í maga/skeifugörn. Ef þú hefur fengið blæðingu eða rof í meltingarvegi við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Ef þú ert með blæðingu í heilaæðum eða aðra virka blæðingu. Ef þú ert með alvarlega skerðingu á lifrar- eða nýrnastarfsemi. Á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Ef þú ert með kransæðasjúkdóm eða alvarlega hjartabilun. Ef þú þjáist af verulegri ofþornun. **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun ibuxin rapid:** Ef þú ert með arfgengan blóðmyndunarsjúkdóm (bráða porfýríu með hléum). Ef þú ert með ákveðna sjálfsnæmissjúkdóma (rauða úlfa og blandaðan bandvefssjúkdóm). Ef þú ert með sjúkdóma í meltingarfærum eða langvinna bólgusjúkdóma í þörmum (sáraristilbólgu, Crohn´s sjúkdóm). Ef þú ert með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi. Ef þú þjáist af ofþornun. Ef þú ert með eða hefur haft háþrýsting eða hjartabilun. Ef þú ert með ofnæmi (t.d. húðviðbrögð við öðrum lyfjum, astma, ofnæmiskvef), langvarandi þrota í slímhúðum eða langvarandi teppusjúkdóm í öndunarfærum. Ef þú ert með storkutruflun í blóði. Strax eftir stórar skurðaðgerðir. **Meðganga og brjóstagjöf:** Þú mátt aðeins nota ibuxin rapid á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eftir að hafa ráðfært þig við lækninn. Ekki má nota ibuxin rapid síðustu 3 mánuði meðgöngu. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að gera hlé á brjóstagjöf við skammtíma notkun í ráðlögðum skömmtum. **Algengustu aukaverkanir:** Sár, rof eða blæðing í meltingarvegi, stundum lífshættuleg, einkum hjá öldruðum, geta komið fram. Ógleði, uppköst, niðurgangur, vindgangur, hægðatregða, meltingartruflanir, kviðverkur, sortusaur, blóðuppköst, sáramunnbólga, versnun ristilbólgu og Crohn´s sjúkdóms hafa komið fram. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar yfir 40 kg: 200 mg – 400 mg skammtar, að hámarki 1.200 mg á sólarhring. Börn og unglingar: Hámarksskammtur af ibuprofeni á dag er 30 mg á hvert kg líkamsþyngdar, skipt niður í 3 til 4 staka skammta. 20-29 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 600 mg á sólarhring. 30-39 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 800 mg á sólarhring. Ekki skulu líða minna en 6 klst. á milli skammta. **ibuxin rapid skal aðeins nota hjá börnum sem eru a.m.k. 20 kg að þyngd. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli sem fylgir lyfinu.** Júlí 2012.

Persónuleg og traust þjónusta um allan heim

Við hlökkum til að sjá þig á sýningarbásnum okkar, **G70**,
á Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi 25.-27. september.

www.samskip.is

samskip

Saman náum við árangri

„Meðal brýnna verkefna framundan er nýbygging Grunnskólans í Borgarnesi og stækkun leikskólans Hnoðrabóls”

- segir Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri Borgarbyggðar

Eftir myndun nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í sveitarstjórn Borgarbyggðar var Kolfinna Jóhannesdóttir ráðin sveitarstjóri. Helstu áherslur nýs meirihluta verða fræðslumálin, sinna skólum vel á öllum stigum, veita góða þjónustu en um leið gæta aðhalds í rekstri, sinna viðhaldi eigna og undirbúa næstu stóru framkvæmdir.

Kolfinna Jóhannesdóttir er fyrrverandi bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins og hefur síðustu ár verið skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar. VESTURLAND spurði Kolfinnu hvort hún hafi sóst eftir starfi sveitarstjóra eða henni boðið það en ljóst var að Páll S. Brynjarsson, sem verið hefur sveitarstjóri Borgarbyggðar nokkur síðustu kjörtimabil óskaði ekki eftir endurráðningu.

„Strax eftir kosningar var leitað til mín hvort ég hefði áhuga á að vera sveitarstjóri, ég hafði ekki sóst eftir því starfi að fyrra bragði enda í mjög krefjandi og skemmtilegu starfi á þeim tíma sem skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar. Hinsvegar þegar þetta kom upp þá þurfti ég ekki langan tíma til að ákveða mig, það að vera sveitarstjóri í minni heimabyggð er frábært tækifæri að mínu mati,” segir Kolfinna.

- Hver verða brýnustu verkefni sveitarstjóra á komandi kjörtímabili?

„Það eru mörg brýn verkefni framundan. Meðal þeirra eru nýbygging Grunnskólans í Borgarnesi, stækkun leikskólans Hnoðrabóls hvort sem farið verður í nýbyggingu eða aðrar umbætur. Brýnt er að halda áfram breytingum í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi t.d. varðandi stækkun búningsaðstöðu vegna unglingalandsmóts UMFÍ 2016 sem haldið verður í sveitarfélaginu og koma upp tjaldstæðum á Kárastöðum líkt og var gert við síðasta Unglingalandsmót 2010.

Eins þarf að skoða með elsta hluta leikskólans á Hraunborg, hvort rífa eigi húsið eða endurbæta það. Þá er brýnt að verja meira fé í viðhald t.d. gangstétta og í þær byggingar sem við eigum. Það er mikill áhugi fyrir því að ná fram meiri árangri í samstarfi við ríkisvaldið þá sérstaklega hvað varðar uppbyggingu á sviði fjarskipta og vegamála í sveitarfélaginu.”

- Framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins hafa mótast af fjárhagsstöðunni eins og hjá öðrum sveitarfélögum. Hverjar hafa þær helstar verið í sumar og hvernig eru horfurnar næsta vetur?

„ Helstu framkvæmdir í sumar hafa verið við Grunnskóla Borgarness, skipt hefur verið um glugga og utanhússklæðningu að hluta, þá var skólinn málaður að stórum hluta að utan og hreiðurróla sett á lóðina. Í Grunnskóla Borgarfjarðar var farið í endurnýjun á þakdúk á einum stað, leiktæki voru endurnýjuð og farið í nokkrar minni viðhaldsframkvæmdir innan og utandyra. Í íþróttamiðstöð Borgarness var nýr þreksalur og innisundlaug tekin í notkun eftir miklar endurbætur og breytingar. Ráðist var í ýmsar endurbætur í leikskólum og íþróttamiðstöðum í dreifbýli. Töluverð vinna var við gatnagerð og nýjar gangstéttar í sumar auk þess sem malbikað var kirkjuplan við Reykholt. Yfir standa framkvæmdir við Tónlistarskólann og Félagsheimilið Lyngbrekku. Þá er að ljúka vinnu við brú yfir Suðurneskletta undir Búðarkletta en verkefnið er að unnið fyrir tilstilli styrks úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða.”

Borganes er helsti þéttbýliskjarni Borgarbyggðar, þar er stjórnsýslan og helstu stofnanir sveitarfélagsins. Borgarnes er með fallegri bæjum landsins, það geta lesendur væntanlega verið sammála um.

Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Yfir standa framkvæmdir við Tónlistarskólann og Félagsheimilið Lyngbrekku. Þá er að ljúka vinnu við brú yfir Suðurneskletta undir Búðarkletta en verkefnið er að unnið fyrir tilstilli styrks úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Samstarfsamningar við nágrannasveitarfélög

- Nokkurt samstarf hefur verið við Skorradalshrepp á undanförnum árum, m.a. í skólamálum. Verða einhverjar breytingar á því samstarfi, og hvernig er því háttað í höfuðdráttum?

„Við erum með samstarfsamninga við Skorradalshrepp á sviði skólamála og félagsþjónustu, þá erum við með samning þjónustu við Skorradalshrepp í slökkviliðsmálum. Þetta samstarf hefur gengið afar vel og þróast í takt við þarfir hverju sinni. Við erum einnig með samstarf við Eyja- og Miklaholtshrepp á ýmsum sviðum,” segir Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri Borgarbyggðar.

KSÍ og N1 leita að finna framtíðarleikmönnum landsliðsins

KSÍ og N1 skrifuðu fyrir skömmu undir samning um hæfileikamótun ungs knattspyrnufólks. Hæfileikamótunin er verkefni sem N1 og KSÍ standa að og er ætlað yngri iðkendum knattspyrnu af báðum kynjum til að auka áhuga á íþróttinni og einnig til að efla grasrótarstarf í knattspyrnu um land allt.

„Það er okkur í knattspyrnuhreyfingunni mikið ánægjuefni að fá jafn öflugan bakhjarl og N1 til liðs við okkur til að sinna þessu mikilvæga verkefni sem hæfileikamótunin er. Efling grasrótarinnar er algjört lykilatriði í því frábæra uppbyggingarstarfi sem unnið er í aðildarfélögum KSÍ og þeir efnilegu leikmenn sem taka þátt í hæfileikamótun KSÍ og N1 munu njóta góðs af verkefninu,” segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ. Verkefnið felur í sér að fótboltalið um allt land fá heimsóknir frá þjálfurum KSÍ. Þjálfararnir munu meta getu leikmanna á aldrinum þrettán til fjórtán ára í þeirri von að finna framtíðarleikmenn landsliðsins. Tilgangur hæfileikamótunar N1 og KSÍ er einnig að fylgjast betur með efnilegum leikmönnum um allt land.

„Starfsemi N1 teygir sig um allt land og höfum við reynt að leggja okkar að mörkum í uppbyggingu ungmenna- og íþróttastarfs í byggðum landsins. Það er því okkur mikið ánægjuefni að koma að hæfileikamótun með KSÍ með það að markmiði að finna landsliðsmenn og -konur framtíðarinnar,” segir Halldór Harðarsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá N1.

Leikmenn Akranes og Víkings í Reykjavík munu eflaust sýna hæfileika sína fyrir þjálfurum KSÍ.

Framkvæmdastjóri Markaðssviðs N1 og formaður KSÍ með framtíðarleikmönnum Íslands.

„SSV hefur undanfarið unnið að verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins"

- segir Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV

Markmið Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV, er m.a. að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum. Einnig að efla samstarf sveitarfélaganna og auka kynningu sveitarstjórnarmanna, styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans.Samtökunum er ætlað að starfa í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við verður komið. Þessi markmið voru samþykkt fyrir liðlega 40 árum síðan. Páll S. Brynjarsson, nýráðinn framkvæmdastjóri SSV var spurður hvort breyttur tíðarandi hafi ekki kallað eftir þörf á að endurskoða þessu markmið og aðlaga þau nútímanum?

„Verkefnin eru að sumu leyti þau sömu en vissulega hefur margt breyst," segir Páll. Lög SSV hafa verið endurskoðuð reglulega og nú síðast á framhaldsaðalfundi í september. Lagabreytingar hafa miðað að því að efla starfsemina og færa þau í takt við tímann.

- Talað er um það sem markmið að efla að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð. Er það svo?

„SSV hefur í gegnum tíðina staðið fyrir ýmsum ráðstefnum og fundum þar sem sveitarstjórnarmönnum gefst tækifæri til að afla sér þekkingar, skiptast á skoðunum og kynna sín sjónarmið. Auk þess hefur verið staðið fyrir fræðsluferðum þar sem sveitarstjórnarfólki hefur gefist tækifæri til að kynna sér ýmsa hluti heima og jafnvel erlendis. SSV hefur staðið fyrir því að taka saman skýrslur um ýmis mál og og niðurstöður m.a. birtar í hagvísum. Allt þetta stuðlar að því að gera sveitarstjórnarfólki kleift að afla sér þekkingar."

Kynna þarf starfsemi SSV betur

- Er ekki líka þörf á að kynna fyrir Vestlendingum starfsemi SSV og tilgang, hvernig Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi geta unnið sem best fyrir íbúana? Opin stjórnsýsla er oft nefnd um þessar mundir, allt eigi að vera fyrir opnum tjöldum. Getur það með einhverjum hætti tengst þessu?

„Það er vissulega þörf á því að starfsemi SSV sé kynnt betur. Á þessu ári hefur starfsemi SSV aukist, en nýverið var rekstur Markaðsstofu Vesturlands og Menningarráðs Vesturlands færður undir hatt SSV. Flest bendir til þess að stjórnvöld muni í framtíðinni fela landshlutasamtökum sveitarfélaga fleiri verkefni og þau fái stærra hlutverk. Öflug heimasíða, facebooksíða og greinargóðar fundargerðir eiga að gefa skýra mynd af starfsemi SSV og opna almenningi aðgengi, en ég sé fyrir mér að við þurfum að gera betur og efla kynningu á okkar verkefnum."

- Sameining sveitarfélaga er stöðugt í umræðunni. Hver er aðkoma SSV ef slíkar viðræður yrðu hafnar?

„SSV hefur undanfarið unnið að verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þar hafa verið gerðar tvær ítarlegar skýrslur um sameiningu sveitarfélaga og var önnur þeirra kynnt á framhaldsaðalfundi nú í september. Þar eru skoðaðir kostir og gallar við sameiningar og út frá þeim eru skoðaðar nokkrar sviðsmyndir varðandi mögulegar sameiningar á Vesturlandi. Starfsmenn SSV hafa líka komið að vinnu við undirbúning sameininga og eru reiðbúnir til þess áfram."

- Stundum er sagt að nýir vendir sópi best. Munu áherslur á núverandi starfsemi og framtíðarstarfsemi SSV breytast með ráðningu þinni sem framkvæmdastjóra samtakanna? Þá hvernig?

„Það er auðvita stjórn SSV og sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi sem marka samtökunum stefnu. SSV hefur nýverið gengið í gegnum miklar breytingar og mitt fyrsta verkefni er að ljúka því breytingarferli. Ég mun leggja áherslu á að eiga í góðu samstarfi við sveitarstjórnir á Vesturlandi, atvinnulíf og íbúa og leggja mitt af mörkum til þess að efla Vesturland sem góðan búsetu kost."

- Reynsla þín sem sveitarstjóra í Borgarbyggð mun væntanlega nýtast vel. Hvernig þá helst?

Páll segist sannfærður um að reynsla hans af vettvangi sveitarstjórnarmála undanfarin 12 ár muni nýtast í starfinu. Hann segir að gegnum tíðina hafi hann öðlast töluverða þekkingu til þeirra verkefna sem SSV er að vinna með og það auðveldi honum að setja sig inn í hlutina.

Páll S. Brynjarsson ásamt Theodóru Þorsteinsdóttur, skólastjóra Tónlistaskóla Borgarfjarðar, en hann var kynnir á Nótunni, þegar tónlistarskólar á Vesturlandi, Vestfjörðum og Húnavatnssýslu fögnuðu uppskeru vetrarstarfsins með hátíðahöldum undir formerkjum „Nótunnar 2014". Á lokahátíð Nótunnar voru flutt 24 tónlistaratriði sem valin voru á fernum svæðistónleikum Nótunnar, m.a. í Borgarnesi.

Það er vissulega þörf á því að starfsemi SSV sé kynnt betur. Á þessu ári hefur starfsemi SSV aukist, en nýverið var rekstur Markaðsstofu Vesturlands og Menningarráðs Vesturlands færður undir hatt SSV. Flest bendir til þess að stjórnvöld muni í framtíðinni fela landshlutasamtökum sveitarfélaga fleiri verkefni og þau fái stærra hlutverk. Öflug heimasíða, facebooksíða og greinargóðar fundargerðir eiga að gefa skýra mynd af starfsemi SSV.

SSV verði skólunum á Vesturlandi góður samstarfsaðili

- Menntamál eru nefnd sem eitt af markmiðum SSV. Með hvaða hætti getur og vill SSV styrkja þá starfsemi?

„Vesturland býr að því að hér eru mjög öflugir skólar á öllum skólastigum og það skapar okkur gríðarleg sóknarfæri. Ég sé fyrir mér að SSV getur verið skólunum góður samstarfsaðili í ýmsum verkefnum. SSV var á sínum tíma leiðandi aðili að stofnun Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands sem hefur frá því að hún var stofnuð fyrir 15 árum verið leiðandi aðili í fullorðinsfræðslu á Vesturlandi og það er mikilvægt að stuðla að því að hún dafni áfram."

Skýr samgöngustefna

- Margir telja að samgöngumál, þ.e. greiðar samgöngur, séu ein af helstu forsendum þess að blómlegt mannlíf geti þróast í dreifðum byggum landsins. Töluvert átak hefur verið gert í þessum málum á Vesturlandi, en væntanlega má betur gera ef duga skal. Hverjar eru helstu áherslur SSV í samgöngumálum? Tengist það að einhverju marki atvinnuuppbyggingu á svæðinu?

„Samgöngustefna SSV er skýr og ýmis áhersluatriði úr henni hafa ratað inn á nýja vegaáætlun stjórnvalda. Þar má nefna uppbyggingu heilsársvegar um Uxahryggi og auknar fjárveitingar til lagningu bundins slitlags á tengivegi. SSV hefur lagt áherslu á að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds vega í landshlutanum og að rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs verði tryggð svo fátt eitt sé nefnt. Í dag lítum við þannig á að nettengingar og gott fjarskiptakerfi séu hluti af samgöngum nútímans og það að þessir hlutir séu í lagi skiptir gríðarlegu máli fyrir atvinnuuppbyggingu og þá ekki síst ferðaþjónustuna. Í mínum huga er það ljóst að stjórnvöld verða að koma með afgerandi hætti að uppbyggingu þessara þátta í dreifbýli og tryggja að allir landsmenn hafi aðgengi að öflugum nettengingum og fjarskiptakerfi," segir Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV.

Frumvarp lagt fram um verndun afurðaheita

Sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, hefur lagt fram frumvarp um vernd afurðaheita. Markmið frumvarpsins er að vernda afurðaheiti sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Um er að ræða nýja heildarlöggjöf hér á landi en vernd þessi er þekkt víða erlendis þar sem heitum landbúnaðarafurða eins og Parmigiano-Reggiano og Gorgonzola er veitt sérstök vernd. Öðrum en þeim sem framleiða umræddar vörur úr tilteknum hráefnum, á tilteknu landsvæði eða eftir tiltekinni hefð er þannig óheimilt að nota afurðaheitið.

Frumvarpið var áður lagt fram á 143. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu og er það nú lagt fram öðru sinni. Frumvarpið er byggt á reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, ásamt sambærilegri löggjöf í Noregi og Danmörku.

Gert er ráð fyrir að hópur framleiðenda sæki saman um skráningu á afurðarheiti en einnig er mögulegt að einstakur framleiðandi sæki um skráningu, m.a. ef hann er eini framleiðandinn á skilgreindu landsvæði. Meðferð umsókna verður í höndum Matvælastofnunar og er greitt gjald fyrir hverja umsókn sem rennur óskipt til Matvælastofnunar upp í þann kostnað sem fellur til við meðferð umsókna. Matvælastofnun tekur ákvörðun um það hvort heiti afurðar skuli hljóta skráningu samkvæmt lögunum og skal stofnunin afla umsagna frá Einkaleyfastofu og Samtökum atvinnulífsins auk þess sem veitt er heimild til að leita umsagna annarra sérfræðinga þegar við á. Áður en Matvælastofnun tekur ákvörðun um að heimila eða hafna skráningu heitis gefst utanaðkomandi aðilum færi á að andmæla skráningu heitis. Þá hefur Matvælastofnun einnig eftirlit með framkvæmd laganna þar sem sú stofnun fer nú þegar með eftirlit með að matvæli uppfylli reglur um merkingar og innihaldslýsingar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að erlend heiti afurða geti hlotið vernd hér á landi, annars vegar á grundvelli beinnar skráningar eða á grundvelli gagnkvæmnissamnings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvor leiðin er farin en skilyrði fyrir skráningu er að heiti afurðar uppfylli skilyrði frumvarpsins og lúti eftirliti í upprunalandi.

Verði frumvarpið að lögum er talið að löggjöfin geti styrkt stöðu íslenskra afurða og falið í sér viðurkenningu á sérstöðu innlendrar framleiðslu í samkeppni við innfluttar vörur. Talað er um landbúnaðarafurðir en ekki er fjarri lagi að álykta að það geti með einhverjum hætti náð til sjávarafurða. Þar hlýtur t.d. fiskirækt í fjörðum að koma til greina.

RARIK hagnaðist um 1.264 milljónir króna fyrri hluta ársins

Heildarhagnaður RARIK á fyrri hluta ársins 2014 var 1.265 milljónir króna. Rekstarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) var 1.658 milljónir króna. Rekstrartekjur hækkuðu um 11 % frá fyrra ári, en rekstrargjöld með afskriftum um 4%. Hækkun rekstrartekna er meiri en gert var ráð fyrir í áætlunum sem stafar einkum af aukinni raforkusölu á landsbyggðinni, ekki síst í dreifbýli, samhliða vaxandi þjónustu við ferðamenn. Á árinu 2013 nam hagnaður RARIK samstæðunnar 1.947 milljónum króna og jókst um 26% á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir fjámagnsliði og skatta lækkaði hins vegar um 10%. Ákveðið að greiða 310 milljónir í arð til íslenska ríkisins, sem er eini eigandi félagsins. Velta RARIK var 11.793 milljónir króna, eignir í árslok voru 46.787 milljónir króna og eigið fé 27.144 milljónir króna, eða 58%. Fjárfestingar á árinu námu 3.800 milljónum króna.

Andakílsárvirkjun er vatnsaflsvirkjun í Borgarfirði sem reist var á árunum 1945 - 1947. Hún virkjar fall Andakílsár úr Skorradalsvatni. Virkjunin var á sínum tíma reist af sveitarfélögum á Vesturlandi en tilheyrir í dag Orkuveitu Reykjavíkur.

Lang mest var fjárfest í dreifikerfum raforku.Rúmlega helmingur rafdreifikerfis RARIK er kominn í þriggja fasa jarðstrengi og umfang loftlínukerfisins orðið minna en jarðstrengskerfisins. Mun umfangsmeira tjón hefði orðið á rafdreifikerfinu síðastliðið haust og vetur ef jarðstrengsvæðingin væri ekki komin þetta langt og þegar er farið að sjást í lægri tíðni truflana í kerfinu. Það er ljóst að jarðstrengsvæðing dreifbýlisins skiptir sköpum í afhendingaröryggi orku. Betur má ef duga skal, víða á Vesturlandi má sjá rafnmagn leitt um sveitir með loftlínu. Vegna rekstrarhagnaðar RARIK ætti að skapast aukið svigrúm til að aka notkun þriggja fasa rafnmagns og leggja það í jarðstrengi. Stjórnarformaður frá því í vor er Birkir Jón Jónsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi en aðrir stjórnarmenn koma frá Húsavík, Seyðisfirði, Selfossi og Hafnarfirði, enginn frá Vesturlandi og Vestfjörðum en fáir eða engir landshlutar eigi eins mikið undir raforku og öruggri dreifingu hennar. Varla getur það talist eðlilegt að engin stjórnarmaður komi frá þessu svæði.

Vegna rekstrarhagnaðar RARIK ætti að skapast aukið svigrúm til að aka notkun þriggja fasa rafnmagns og leggja það í jarðstrengi. Stjórnarformaður frá því í vor er Birkir Jón Jónsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi en aðrir stjórnarmenn koma frá Húsavík, Seyðisfirði, Selfossi og Hafnarfirði, enginn frá Vesturlandi og Vestfjörðum en fáir eða engir landshlutar eigi eins mikið undir raforku og öruggri dreifingu hennar. Varla getur það talist eðlilegt að engin stjórnarmaður komi frá þessu svæði.

Liðlega 100 ár frá upphafi nútíma rafveitureksturs

Á þessu ári eru liðin 101 ár síðan Fjarðarselsvirkjun í Seyðisfirði tók til starfa. Þessi framkvæmd markaði upphaf nútíma rafveitureksturs. Þarna var byggð nýtísku rafveita, hin fyrsta hérlendis með riðstraum, sem var tæknibylting. Til að byrja með var sett ein vatnsvél í virkjunina, 55 kW. RARIK tók við rekstri Fjarðarselsvirkjunar 1958 og á þessum tímamótum, 101 ára afmæli virkjunarinnar, er lögð áhersla á varðveislu hennar fremur en framleiðslu raforku. Hún er einstakt dæmi um framsýni og kjark Seyðfirðinga í byrjun síðustu aldar, minnisvarði sem komandi kynslóðir munu eiga kost á að skoða.

Á kjörstað í Borgarnesi. Gæti dræm þátttaka í kosningum til sveitastjórna fallið undir byggðarannsóknir? Margt væri fjarstæðukenndara!

Byggðarannsóknasjóður verður settur á laggirnar

Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra byggðamála ávarpaði Byggðaráðstefnu Íslands 2014 sem haldin var á Patreksfirði 19. og 20. september sl. Yfirskrift ráðstefnunnar var; Sókn sjávarbyggða. Kemur framtíðin? Koma konurnar? Flutt voru mörg áhugaverð erindi bæði af erlendum og íslenskum fyrirlesurum og í kjölfarið sköpuðust góðar og málefnalegar umræður.

Á ráðstefnunni kynnti Sigurður Ingi sérstakan byggðarannsóknasjóð sem verður settur á laggirnar. Sjóðurinn mun hafa til ráðstöfunar allt að 10 milljónum króna á ári, næstu þrjú árin að minnsta kosti. Það er ljóst að það vantar gögn og fræðilegan grunn til að byggja á og erfiðlega hefur gengið að fjármagna byggðarannsóknir í gegnum samkeppnissjóðina sem til staðar eru. Vonast er til þess að öflugir rannsóknaraðilar sæki í sjóðinn og að komandi rannsóknir verði mikilsverður grunnur við mótun byggðastefnu. Að ráðstefnunni stóðu Byggðastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Háskólasetur Vestfjarða og Vesturbyggð.

Skipasmíðastöðin.

Plötufrystar smíðaðir hjá Þorgeiri & Ellert á Akranesi

Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi hefur starfað þar um áratuga skeið og veitt fjölda manns atvinnu. Næg verkefni eru í stöðinni að sögn Ingólfs Árnasonar forstjóra, það felst fyrst og fremst í viðhaldi skipa og viðgerum en um þessar mundir er töluverð vinna við smíði plötufrysta sem fara víða á markað, ekki síst erlendis, eða eru þegar seldir áður en smíði þeirra er lokið.

Miklar breytingar voru gerðar á Magnúsi GK fyrir nokkrum árum, smíðað var nýtt stýrishús og aðrar miklar breytingar og lagfæringar voru gerðar í lest, í lest, millidekki og í íbúðarými. Með fleiri slíkum verkum er örugglega skotið fastari stoðum undir starfsemi fyrirtækisins auk þess sem það kann að veita fleirum iðnaðarmönnum vinnu.

Hafnir og gömul hús á Íslandi og í Danmörku

Það getur verið gaman að að bera saman ólíkt mannlíf, menningu og byggingalist á Íslandi og í Danmörku. Í höfninni í Esbjerg á Vestur-Jótlandi lágu nokkur fiskiskip við bryggju fyrir skömmu en heldur var daufara yfir öllu mannlífi þar en við þekkjum í íslenskum fiskiskipahöfnum.

Við eigum ekki mikið af eldri húsum og höfum oftar en ekki verið heldur hugsunarlaus um að vernda gömul hús meðan til þess hefur gefist tækifæri. Bæjarfélögin Stykkishólmur, Ísafjörður og Akureyri, jafnvel fleiri, hafa þó sýnt nokkuð frumkvæði í þeim efnum sem hefur verið þeim viss tekjulind því ferðamenn, innlendir sem erlendir, hafa viljað berja þessi gömul hús augum að utan og innan. Í bænum Ribe á Vestur-Jótlandi, er bæjarkjarninn sagður sá elsti í Danmörku, enda er afar afar gaman og fróðlegt að rölta þar um að dást að fornri byggingalist í Danmörku.

Ribe.

Esbjerghöfn.

Hrófberg séð frá þjóðvegi

Hrófberg séð af fjallsbrún og norður yfir Steingrímsfjörð

SJÁVARJÖRÐ VIÐ STEINGRÍMSFJÖRÐ Í STRANDABYGGÐ TIL SÖLU

Jörðin heitir Hrófberg og er innst við Steingrímsfjörð, að sunnanverðu um 10 km. frá Hólmavík. Jörðin er í fögru umhverfi við sjó og á veiðihlunnindi í Staðará með laxveiði og Hrófbergsvatni með bleikju. Úr Hrófbergsvatni rennur Grjótá sem talin er með betri virkjunarkostum á Vestfjörðum.
Einnig er rjúpnaland gott.

Samkvæmt fasteignamati er íbúðarhúsið 246 m2 og ræktað land 15,4 hektarar. Heildarstærð lands er talið amk. 1000 hektarar. Þá hentar jörðin vel til útivistar og þar er gott berjaland.

Áhugasamir hafi samband við Hrein Halldórsson á netfangið fax6@simnet.is og eða í síma 866-5582, sem gefur nánari upplýsingar.

Saltfiskur er
mikilvægur hluti
af matarmenningu
íslensku þjóðarinnar

Tímarnir breytast en saltfiskurinn frá Ekta fiski, þessi gamli góði með íslenskum kartöflum og smjöri, stendur alltaf fyrir sínu.
Sérútvatnaði saltfiskurinn er sérstaklega hentugur í seiðandi saltfiskrétti.
Fæst um allt land. Hafðu samband!

Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

GULL kistan
Ekta saltfiskur tilbúinn til útvötnunar.
Frábær gjöf handa Íslendingum út um allan heim!



LAGNALAGINN,
PÍPARINN ÞINN
Fagmennska • Snyrtimennska • Áreiðanleiki • Traust
Kannaðu málið og bókaðu tíma núna
www.lagnalaginn.is /lagnalaginn
Sími : 774-7274 (7-PÍPARI)
LAGNALAGINN
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
BREYTINGAR • ENDURLÖGN • VIÐGERÐIR

Svefnsófar - Svefnsófar

Áklæði svart , með 2 bakpúðum lime/svart
stærð 90 x 200 / 150 x 200

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurveg 66 220 Haf. Sími 565 4100 www.nyform.is

Fjölbreyttari störf, staða kvenna á vinnumarkaði og bráðaaðgerðir í byggðamálum

- áherslur Samfylkingarinnar við upphaf þings

Áherslur Samfylkingarinnar við upphaf þingvetrar eru m.a. betra starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtæki og fyrirtækja í tækni- og hugverkageiranum; höft og veikur gjaldmiðill skapa hættu á bólum og einhæfni í atvinnulífi en núverandi úverandi ríkisstjórn dró úr fjárveitingum til uppbyggingar stoðkerfis tækni- og atvinnuþróunar. Þetta er m.a. það sem þingflokkur Samfylkingarinnar leggur áherslu á við upphaf löggjaldaþingsins. Í samþykktinni segir m.a.: „Við leggjum til ýmsar aðgerðir til að efla fjölbreytt atvinnulíf um allt land, sem byggja á tillögum sem við lögðum fyrir tækni- og hugverkaþing 2013. Tillögurnar hlutu 1., 2. og 3. verðlaun þegar stjórnmálaflokkarnir kepptu nafnlaust um hylli gesta."

Auka á nýfjárfestingu í tækni- og hugverkageiranum.

Auka heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum félögum. Sértækar ívilnanir verði veittar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum og þjálfun starfsfólks. Byggja þarf upp upplýsingaveitu um þau tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita fjárfesta í samstarfi við hagsmunaaðila. Starfrækja á grænan fjárfestingasjóð sem styður við uppbyggingu græns hagkerfis.

Skattaafslættir vegna fjárfestinga einstaklinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og frekari lækkanir á tryggingargjaldi. Efla þarf verk- og tækninám. Vaxtargreinar í atvinnulífinu geta bætt við sig þúsundum starfsmanna með menntun í verk- og tæknigreinum en til þess þurfa fleiri nemendur að mennta sig í slíkum greinum.

Skagamaðurinn Guðbjartur Hannesson er þingmaður Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.

Staða kvenna á vinnumarkaði

Konur yfir fimmtugt eru stór hópur þeirra sem glímir við langtímaatvinnuleysi og konur vinna hlutastörf í meira mæli en karlar. Atvinnuleysi kvenna er meira en karla hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar. Standa ákveðnir aldurhópar verr en aðrir eða ákveðin landsvæði? Hvaða áhrif hefur hærra menntunarstig kvenna á stöðu þeirra á vinnumarkaði, fá þær atvinnu og laun við hæfi? Er launamunur kynjanna að minnka eða aukast í einstökum hópum? Hvaða áhrif hafa aðgerðir ríkisins í atvinnu- og vinnumarkaðsmálum á síðustu árum haft á stöðu kynjanna? Við leggjum til að félags- og húsnæðismálaráðherra verði falið að flytja skýrslu um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Bráðaaðgerðir í byggðamálum

Lagðar eru til aðgerðir til að jafna tækifæri landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Halda þarf áfram með nýjar áherslur sem mótaðar hafa verið á síðustu árum til að efla innviði og auka vald heimamanna yfir atvinnuþróun.

- Fjárframlög til sóknaráætlana landshluta aukin og lykiláhrif heimamanna tryggð við úthlutun til verkefna.
- Aukin framlög til vegamála og almenningssamganga til samræmis við áætlanir fyrri ríkisstjórnar.
- Sjávarbyggðir fái hlutdeild í veiðigjaldi og að byggðastofnun verði tryggður byggðakvóti.
- Íbúðalánasjóður komi ónýttu húsnæði í notkun.
- Ferðamönnum verði dreift betur um landið.
- Stóriðja taki þátt í jöfnun húshitunarkostnaðar og kerfi flutningsjöfnuðar verði eflt.
- Raforkuöryggi og flutningsgeta verði tryggt og ljósleiðari hringtengdur.
- Fjárveitingar verði tryggðar til að bæta aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu um land allt.

Starfshópur skipaður til að móta tillögur um afnám verðtryggingar

Skipa á starfshóp í haust til að móta tillögur um hvernig eigi að vinna úr tillögum annars starfshóps sem fjallaði um afnám verðtryggingar á síðasta ári. Þetta kemur fram í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem birt var samhliða stefnuræðu forsætisráðherra fyrir skömmu. Afnám verðtryggingar var eitt helsta baráttumál Framsóknarflokksins en samstarfsflokkur þeirra í ríkisstjórn var hóflegri í loforðum sínum um eitt umdeildasta mál þjóðarinnar. Nú liggur fyrir að ekki stendur til að banna verðtrygginguna. Hópurinn sem þegar hefur skilað tillögum lagði til að þrengri rammi yrði settur um verðtryggð lán, meðal annars að takmarka frekar hversu löng slík lán mættu vera, en ekki að verðtryggingin yrði bönnuð með öllu. Einn nefndarmanna í verðtryggingarhópi ríkisstjórnarinnar skilaði séráliti þar sem hann vildi banna verðtryggingu neytendalána.

Í þingmálaskránni kemur fram að banna eigi lengri verðtryggð lán, eins og það er orðað. Ekki er gefin upp nákvæm tímasetning á hvenær ráðast eigi í það bann heldur segir að skipaður verði áðurnefndur starfshópur á haustönn til að móta tillögur sem fram eigi að koma á vorönn þingsins.

Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness er í starfshópnum. Hann hefur lengi verið einn ötulasti baráttumaður gegn alls kyns óréttlæti í fjármálaheiminum auk þess að berjast fyrir réttlátum launum verkafólks. Vonandi ná hans skoðanir fram að ganga til heilla íslenskri verkalýðsstétt.

Þetta kann að verða mörgum torskilið. Í kosningum fyrir rúmu ári síðan smalaði Framsóknarflokkurinn inn til sín fjölda atkvæða einmitt vegna þess að hann lofaði að stefnt skyldi að afnámi verðtryggingar lána til einstaklinga. Líklega lítur flokkurinn svo á að með því að skúfa niður höfuðstól lána hjá Íbúðalánasjóði sé hann að standa við það loforð. Því fer hins vegar víðs fjarri. Það sem vekur kannski mesta athygli er að skipaður hefur verið starfshópur til að vinna úr tillögum annars starfshóps um sama efni. Það er miklu hreinskilnara að segja bara strax við almenning að ekkert verði af afnámi verðtryggingarinnar. Allt annað er tóm hringavitleysa sem bara kostar nefndarlaun til þessa nýja starfshóps. Ef hins vegar birtist eitthvað bitastætt í vor, ber því auðvitað að fagna.

Lykill
að bættum veiðum:

GLORIA®

Þantroll

…breiðari opnun - bætir veiðarnar

…minni mótstaða á stærri togfleti

…heldur lögun vel á litlum hraða

…auðveld í köstun og hífingu

…minni titringur og lægri hljóðbylgur, lágmarka fiskfælni

…yfirfléttaður kaðall með núningshlíf í mismunandi litum fyrir hvert byrði

Við erum á Íslensku sjávarútvegssýningunni í Smáranum.
Sýningarsvæði D-50
25. - 27. september

HAMPIÐJAN
– Veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Körfuboltalandsliðið á úrslitakeppni EM í körfubolta

- Körfuboltafjölskyldan safnar peningum til að létta róðurinn

Íslenska körfuknattleikslandsliðið tekur þátt í lokakeppni stórmóts í fyrsta skipti næsta sumar og það er fjarri því að vera ókeypis. Þrátt fyrir tap gegn Bosníu, 70-78 í Laugardalshöll komstliðið áfram. Hlynur Bæringsson, fyrrum leikmaður Snæfells, hefur verið einn burðarása liðsins í vetur en hann gekk ekki alveg heill til skógar í þessum leik og tók heilshugar þátt í gleðinni í leikslok.

Menn sem kalla sig Körfuboltafjölskylduna hafa einsett sér að safna 6-7 milljónum króna hjá körfuknattleiksunnendum í von um að fleiri fylgi í kjölfarið. Búið er að senda fjölmörgum mönnum, og konum, innan hreyfingarinnar tölvupóst þar sem átakið er kynnt. Með því að afla stuðningsmanna sem vilja skuldbinda sig í 10 mánuði til að greiða 2.000–5.000 krónur á mánuði með greiðslukorti eða greiðsluseðlum er hægt að ná þessu takmarki. Vilt þú ekki vera með?

Hlýtt á íslenska þjóðsönginn fyrir upphaf leiksins.

Íslandsmótið hefst í október

Íslandsmótið í körfubolta hefst í október. Íslandsmeistarar Snæfells mæta Haukum í fyrsta leik í Stykkishólmi miðvikudaginn 8. október en þessi sömu lið öttu einmitt kappi bæði í bikarkeppninni og um Íslandsmeistaratitilinn og skiptu titlunum á milli sín.

Skallagrímur leikur í efstu deild og mætir Keflavík fimmtudaginn 9. október í Borgarnesi og í sömu deild mætir Snæfell Fjölni í Stykkishólmi sama dag. Lið ÍA leikur í 1. deild karla og leikur við Breiðablik í fyrstu umferð í Kópavogi föstudagskvöldið 8. október nk.

Pavel Ermolinskij, sem a.m.k. í yngri flokkum lék bæði með ÍA og Skallagrími og Hlynur Bæringsson sem sem lék lengi með Snæfelli. Þeir voru að vonum kátir í leikslok, farseðillinn á úrslitakeppnina í lok ágústmánaðar 2015 var tryggður. Þjóðin kættist með þeim. Riðlakeppnin fer fram í Lettlandi, Króatíu og Frakklandi og svo sjálf úrslitakeppnin í Frakklandi. Ekki er vitað á þessari stundu í hvaða riðli Ísland leikur.

MANITOU MLT 625- 75 H

Nett fjölnotatæki

Lyftigeta: 2.500 kg
Lyftihæð: 5.900 mm
4-hjóladrifinn
4-hjólastýrður
75 hö, Kubota,
Hlaðinn aukabúnaði td., loftkælt ökumannshús, skófla, gafflar, útvarp.

STAÐGREIÐSLUVERÐ KR. 8.200.000 + VSK

Ath!! Útvegum varahluti í flestar gerðir véla og tækja – á góðu verði!!

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Simar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is

Knattspyrna:

Víkingur Ólafsvík í 4. sæti í 1. deild karla

Keppni í 1. deild karla í knattspyrnu lauk um síðustu helgi. Víkingur Ólafsvík heimsótti þá Hauka á Ásvellina í Hafnarfirði en hafði ekki árangur sem erfiði, töpuðu leiknum 2:1. Liðið lenti í 4. sæti deildarinnar. Markahæstur leikmanna var Eyþór Helgi Björgvinsson með 10 mörk. Leiknir og ÍA fóru upp í úrvalsdeild karla en úr deildinni féllu KV og Tindastóll en Fjarðabyggð og Grótta tóku sæti þeirra í deildinni sumarið 2015.

Hvar er boltinn? Steinar Már Ragnarsson gerir sitt besta til þess að leikmaður Hauka ná ekki til hans.

Alfreð Már Hjaltalín hefur átt góða leiki í sumar með Víkingum.

Eirádag

KEMUR HEILSUNNI Í LAG

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
LITLAR TÖFLUR
SYKURLAUST

SJÁ NÁNAR Á VÍTAMÍN.IS • FÆST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT

Icepharma

SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VH/14-01

50%
afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM miðað við verðskrá Flytjanda á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum